

Priðjudaginn 8. febrúar 1983.

Nr. 32/1983. **Ákærvaldið**

gegn

**Ottó Sigurðssyni.**

Kærumál. Læknisskoðun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 2. þ. m. og samdægurs birtur varnaraðilja, sem þá kvaðst vera Jens Sigurðsson, Bergþóru-götu 51. Hann lýsti yfir því, að hann kærði úrskurðinn til Hæstaréttar í því skyni, að hann yrði úr gildi felldur.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum hefur með bréfi 4. þ. m., er barst Hæstarétti í dag, sent ný gögn í málinu. Af þeim kemur fram, að varnaraðili er ekki Jens Sigurðsson, heldur tvíburabróðir hans, Ottó Sigurðsson, nafnúmer 6963-7582, til heimilis Laugavegi 27 A. Hefur þetta verið sannreynt með samanburði á fingraförum af varnaraðilja og fingraförum teknum af Ottó Sigurðssyni í tækni-deild rannsóknarlögreglu ríkisins 19. október 1977.

Ríkissaksóknari hefur í dag sent Hæstarétti greinargerð. Í henni segir, að eigi sé að svo komnu máli krafist staðfestingar úrskurðarins, þar sem varnaraðili muni þegar hafa sjálfviljugur sætt hinni úrskurðuðu læknisskoðun.

Páll A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, sem skipaður hefur verið verjandi varnaraðilja 4. þ. m., krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Úrskurður þessi sætir kæru til Hætaréttar samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Eftir því, sem fram kemur í greinargerð ríkissaksóknara, mun varnaraðili hafa sjálfviljugur sætt læknirskoðun þeirri, sem hinn kærði úrskurður lýtur að. Hins vegar er fallist á það með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar, að skilyrði hafi verið til þess samkvæmt 54. gr. laga nr. 74/1974 að kveða á um það með úrskurði, að varnaraðili skyldi sæta læknisskoðun í því skyni, sem þar greinir. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð með ofangreindri breytingu að því er varðar nafn varnaraðilja.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með ofangreindri leiðréttingu á nafni varnaraðilja.

### Dómur sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 2. febrúar 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 2. febrúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fikniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

#### MÁLSATVIK.

Um kl. 1400 í gær handtók lögreglan í Reykjavík Jens Sigurðsson, fæddan 11. apríl 1954, til heimilis að Bergþórugötu 51 hér í borg, á Keflavíkurflugvelli við komu frá Amsterdam úr fimm daga skemmtiferð að eigin sögn.

Nefndur Jens var við komu hingað til lands félaus að kalla, en taldi sig í lögregluyfirheyrslu hafa utan flutt jafnvirði 11.000 ísl. kr. í hollenskri mynt. Hér fyrir dómi kvað Jens Sigurðsson þar af hafa eyðst til skemmtana sinna og ónefndra kunningja 7.000—9.000 kr. ísl. eða jafnvirði þeirra.

Við tollleit fannst í fórum Jens Sigurðssonar svonefnd hasspípa, túpa og krukka, er báðar innihéldu smyrsl.

Að mati lögreglu lék grunur á, að margnefndur Jens hefði fikniefni fólgin innvortis, og var honum frá því skýrt við handtöku.

Hinn grunaði neitaði í lögregluyfirheyrslu að vera með fikniefni innvortis og kvaðst reiðubúinn að gangast undir magamyndatöku eða aðra sambærilega rannsókn, til að unnt væri að ganga úr skugga um slíkt.

Var lagt af stað með Jens Sigurðsson til Borgarspítala í ofangreindu skyni, en á leið þangað afturkallaði grunaði sitt samþykki til nokkurs konar læknisfræðilegra athugana.

Fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík lagði þá fyrir stundu fram hér í rétti rökstudda kröfu um, að Jens Sigurðssyni yrði með vísan til 54. gr. laga nr. 74/1974 í dómsúrskurði gert að sæta viðeigandi lækni skoðun vegna áðurgreindra grunsemda.

Jens Sigurðsson hefur mætt í réttinum og lýst ofangreinda Amsterdamför eingöngu til skemmtunar. Þótt hann þar ytra hafi lítilla notað marihuana, hafi hann engar ráðstafanir gert til að útvega slík efni eða önnur í því skyni að flytja hingað til lands.

Jens Sigurðsson mótmælti, að nokkur lækni skoðun eða rannsókn yrði á sér framkvæmd, og undir það tók Björgvin Þorsteinsson héraðsdómslögmaður, réttargæslumaður í málinu, en krafðist þar að auki, að margnefndur Jens Sigurðsson færi þegar frjáls sinna ferða.

## NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, en úrlausnarefni hér takmarkað við, hvort lögaregla hefur rennt nægum stöðum að grunsemdum á hendur aðilja, til þess að rétt sé að gera honum að sæta læknisrannsókn í því sambandi og þá nánar að fá með þeim hætti úr því skorið, hvort hinn grunaði hafi fíkniefni fólgin innvortis.

Í kröfugerð lögreglu er vakin athygli á óvenjulegri peningacyðslu hins grunaða á stuttum tíma, smyrslum í hans vörslum, er talin eru geta bent til, að fíkniefni hafi verið gleipt í smurðum verjum, og afturhvarf hins grunaða frá samþykki til læknisskoðunar.

Með vísan til ofanritaðs svo og 54. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Jens Sigurðssyni, fæddum 11. apríl 1954, að sæta víðeigandi læknisskoðun í því skyni að ganga úr skugga um, hvort nefndur Jens hefur fólgin fíkniefni innvortis.

## Úrskurðarorð:

Jens Sigurðsson, fæddur 11. apríl 1954, skal sæta víðeigandi læknisskoðun í því skyni að gengið verði úr skugga um, hvort nefndur Jens hefur fíkniefni fólgin innvortis.

Þriðjudaginn 8. febrúar 1983.

Nr. 32/1983. **Ákærvaldið**  
gegn  
**Ottó Sigurðssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

## Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 2. þ. m., sem barst Hæstarétti 3. þ. m.

Er varnaraðili kom fyrir sakadóm 2. þ. m., kvaðst hann vera Jens Sigurðsson, Bergþórugötu 51. Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum hefur með bréfi 4. þ. m., er barst Hæstarétti í dag, sent ný